

Ed.

304. Frumvarp til laga

[164. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson,
Jón Árnason, Björn Jónsson.

1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði“ í 2. málsg. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsg. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1973 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofnunarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt nánari reglum. Heimilt er ráðherra að ákveða að loknu þessu reynslutímabili og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands, að fæðiskostnaður verði framvegis greiddur í samræmi við ákvæði þessarar greinar á tímabilinu 1. maí til 30. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalbreytingin, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að greiðsla fæðiskostnaðar úr aflatryggingasjóði vegna opinna vélbáta verði ekki miðuð við róðrafjölda, eins og nú er, heldur við fjölda úthaldsdaga, líkt og gildir um alla aðra báta. Sjómenn á opnum vélbátum eru látnir greiða í aflatryggingasjóð af afla sínum og eiga því að hafa sama rétt og sjómenn á stærri bátum. Á Norðurlandi er algengt, að 5—10 tonna bátar fari í langa róðra að sumrinu, t. d. norður að Grimsey, og hver róður taki 2—4 daga. En vegna þess að lögin miða við róður, en ekki úthaldsdag, fá sjómennirnir aðeins einn fæðisdag greiddan fyrir margra daga úthald. Þessu þarf að breyta.

Trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands fylgjast með því, að ákvæði laganna um greiðslu fæðiskostnaðar séu ekki misnotuð, en jafnframt eru greiðslurnar bundnar ákveðnum skilyrðum.

Á síðastliðnu vori var frumvarp sama efnis samþykkt í efri deild Alþingis, en varð ekki útrætt í neðri deild. Frumvarpið er nú flutt eins og það fór frá efri deild, að því viðbættu, að ráðherra er veitt heimild til að ákveða, að reglur frumvarpsins um fæðiskostnað á opnum vélbátum gildi framvegis á tímabilinu 1. maí til 30. september að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands.